

## **Umbótaáætlun vegna ytra mats í leikskólanum Garðaborg**

Í október 2014 var gerð úttekt á starfsemi leikskólans Garðaborgar í Reykjavík. Í framhaldi á niðurstöðu úttektar var gerð umbótaáætlun þar sem brugðist er við þeim ábendingum og tillögum sem greint var frá í úttektinni.

Hér verður greint frá þeim ábendingum og tillögum sem komu fram í úttektinni og hvaða leiðir verða farnar í umbótastarfinu ásamt ábyrgðaraðila með umbótum og tímasetning á endurmati vegna umbóta.

***Gunnur Árnadóttir***  
***Leikskólastjóri***  
***Garðaborg***

## Umbótaáætlun vegna ytra mats í leikskólanum Garðaborg

<b>Matspáttur</b>	<b>Endurbætur</b>	<b>Áætlanir um endurbætur</b>	<b>Ábyrgðarmaður</b>	<b>Endurmat</b>
Leikskólalóð og húsnæði	<ul style="list-style-type: none"> <li>Gera þarf endurbætur á útisvæði leikskólans og huga að öryggisatriðum svo það standist reglugerð nr.655/2009 um starfsumhverfi leikskóla.</li> <li>Leita þyrfti leiða til að koma upp sérstöku rými fyrir sérkennslu til að uppfylla ákvæði laga um leikskóla nr.90/2008 og reglugerð um sérfræðiþjónustu nr.584/2010.</li> <li>Huga þarf að endurbótum á undirbúningsaðstöðu starfsmanna.</li> <li>Huga þarf að aðstöðu til funda (t.a.m. með foreldrum).</li> <li>Leita ætti leiða til að fjölga smærri leikrymum sem bjóða upp á ró og næði.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ábendingum um endurbætur á lóð og húsnæði verður komið áfram til viðkomandi aðila sem hafa umsjón um lóð og húsnæði.</li> <li>Lögð er áherla á að rými leikskólans endurspegli leikin sem námsleið barnsins og lagðar áherslur á að rými skólans nýtist barnahópnum sem best og starfsfólk nýti laus svæði til sérkennslu og funda þegar það á við.</li> <li>Unnið verður að hugmyndum að endurbótum á undirbúningsaðstöðu starfsmanna með það í huga að bæta aðgengi og aðstöðu.</li> <li>Líkt og fram kemur í ytra mati nýtir starfsfólk húsnæði vel og skipuleggur það með þarfir barnanna í huga. Leikskólinn vinnur með einingarkubba (Unit blocks) og holukubba (Hollow blocks) og er áhersla lögð á að leikur með þann efnivið hafi gott rými.</li> </ul>	Leikskólastjóri	Vor 2016
	Leikskólastjóri	Haust 2017	Deildarstjórar	

Matspáttur	Endurbætur	Áætlanir um endurbætur	Ábyrgðarmaður	Endurmat
Skólanámskrá og áætlanir	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Æskilegt væri að taka eldri námskrá af heimasíðu.</li> <li>• Gera starfsáætlun yfirstandandi skólaárs aðgengilega 1.september hvert ár.</li> <li>• Ljúka þarf við gerð skólanámskrár fyrir 2015.</li> <li>• Huga að aðkomu barna við gerð skólanámskrár.</li> <li>• Gera ætti grein fyrir vinnulagi við mat á námi og velferð barna í skólanámskrá.</li> <li>• Gera þarf skriflega áætlun um viðbrögð ef grunur vaknar um þroskafrávik barns.</li> <li>• Gera þarf skriflega móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir.</li> <li>• Gera þarf skriflega móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.</li> <li>• Skoða hvernig hægt væri að vinna með móðurmál allra barna af erlendum uppruna.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Unnið er að breytingum á heimasíðu leikskólans</li> <li>• Verið er að vinna að skólanámskrá leikskólans sem mun ljúka í lok árs 2015</li> <li>• Unnið verður að gerð áætlana samhliða vinnu að skólanámskrá leikskólans.</li> <li>• Þar sem unnið verður að læsisstefnu leikskólans verður skoðað hvernig verður komið til móts við móðurmál barna af erlendum uppruna.</li> </ul>	<p>Leikskólastjóri</p> <p>Leikskólastjóri</p> <p>Sérkennslustjóri og leikskólastjóri</p> <p>Sérkennslustjóri, deildarstjórar, leikskólastjóri</p>	<p>Haust 2015</p> <p>Vor 2016</p> <p>Vor 2016</p> <p>Vor 2016</p>

Matspáttur	Endurbætur	Áætlanir um endurbætur	Ábyrgðarmaður	Endurmat
Stjórnun leikskólans	<ul style="list-style-type: none"> <li>Gera þarf skipurit sem endurspeglar stjórnskipulag leikskólans.</li> <li>Efla millistjórnendur og hafa skýra verkaskiptingu milli stjórnenda.</li> <li>Upplýsa millistjórnendur um möguleika á aukinni ábyrð.</li> <li>Skoða hvernig gera mætti starfsþróunarsamtöl markvissari.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nýr leikskólastjóri tók við leikskólanum í maí 2015. Unnið verður að breytingum í stjórnun á komandi ári. Stjórnendafundir verða gerðir markvissari og eftirfylgni þeirra meiri.</li> <li>Starfsþróunarviðtöl verða tvisvar á ári. Að vori verður veturinn endurmetinn í viðtali auk þess að ræða um líðan og endurmenntun, verða það klukkustunda viðtöl. Að hausti verða hálf tímaviðtöl sem eftirfylgni af vorviðtölum.</li> </ul>	<p>Leikskólastjóri</p> <p>Leikskólastjóri</p>	<p>Vor 2017</p> <p>Vor 2017</p>
Starfsfólk	<ul style="list-style-type: none"> <li>Endurskoða starfsmannahandbók reglulega.</li> <li>Leggja áherslu á að vinna eftir starfsmannahandbók</li> <li>Gera þarf áætlun um viðbrögð við einelti og ágreining í starfsmannahópnum.</li> <li>Gera ætti formlega símenntunaráætlun.</li> <li>Æskilegt væri að sérkennslustjóri hefði framhaldsmenntun í sérkennslufræðum til að uppfylla reglugerð um sérfræðiþjónustu nr.584/2010.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Starfmannahandbók verður uppfærð árlega</li> <li>Nýr starfsmaður skal lesa starfsmannahandbók við upphaf ráðningar.</li> <li>Um leið og unnið verður að verkferlum að innra mati verður unnið að áætlun varðandi einelti og ágreining í starfsmannahópnum.</li> <li>Formleg símenntunaráætlun verður gerð samhliða starfsþróunarsamtölum.</li> <li>Sérkennslustjóri hefur viðtæka reynslu og hefur lagt sig fram til endurmenntunar og sótt sér námskeið og reynslu á sem fjölbreyttasta hátt.</li> </ul>	<p>Aðstoðarleikskólastjóri</p> <p>Aðstoðarleikskólastjóri</p> <p>Leikskólastjóri, deildarstjórar og aðstoðarleikskólastjóri</p> <p>Leikskólastjóri</p> <p>Sérkennslustjóri</p>	<p>Vor 2018</p> <p>Haust 2017</p> <p>Haust 2017</p>

